

**Mál nr. 124/2011**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar R og ábyrgðartryggingar A**

**Maður rann og datt í hálfu þ. 7.10.2001**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 14.4.2011

**Málsatvik.**

Í tilkynningu um slysið segir M að hann hafi verið að koma af fundi í kaffiskúr um 200-300 metra fjarlægð frá virkjunarhúsinu í Vatnsfelli í myrkri, snjóbyl og hálfu. M segir að eina lýsingin hafi komið frá stöðvarhúsinu. M segist hafa verið að hlaupa út í bíl þegar hann hafi runnið í hálkunni og dottið á vinstra hnéð á stórt grjót og meitt sig. M segist hafa tilkynnt þetta atvik til verkstjóra síðar um kvöldið. M krefst bóta úr launþegatryggingu vinnuveitanda síns R hjá V og skaðabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M segir að slysið hafi orðið á vinnusvæði sem hafi verið vanbúið af ýmsum ástæðum. V hafnar bótaskyldu og segir engin samtímagögn liggja fyrir um málsatvik og vinnuveitanda hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en þ. 21.6.2005. Þá bendir V á að M hafi leitað til læknis tæpum 2 mánuðum eftir að þetta meinta óhapp og engin vitni hafi orðið að atburðinum. Varðandi slysatryggingu launþega vísar V til þess að ósannað sé að hinn meinti tjónsatburður hafi átt sér stað auk þess sé krafan niður fallin vegna fyrningar sbr. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Varðandi batur úr frjálsri ábyrgðartryggingu vísar V til þess að ekki liggi fyrir nein saknæm háttsemi í tengslum við meint atvik. Þá hafnar V fullyrðingum um staðhætti og veðurfar sem ósönnuðum. Loks bendir V á að orsakatengsl milli hinnar meintu saknæmu háttsemi og kvillana sé ósönnuð.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á ótvírætt orsakasamband milli atviksins þ. 7.10.2001 og líðan hans í vinstra hné. Í læknisvottorði dags. 12.12.2001 segir að M hafi dottið á hnéð fyrir mánuði síðan og aftur fyrir nokkrum dögum síðan. Þá segir í læknisvottorði dags. 9.5.2005 m.a. að M hafi þekkt slit í vinstra hné svo sem nánar er rakið. Að virtum öllum gögnum málsins hefur M ekki tekist að sýna fram á eða gera sennilegt að hann eigi rétt á bótum úr launþegatryggingu R hjá V eða ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á kröfur M.

**Niðurstaða.**

M á hvorki rétt á bótum úr launþegatryggingu R hjá V eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3..5. 2011.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.